



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HÁTÍÐARHÖLD Í UTAH ELSTA LANDNÁM ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tekur í dag, föstudaginn 24. júní og á morgun, laugardaginn 25. júní, þátt í hátíðarhöldum í tilefni af 150 ára afmæli landnáms Íslendinga í Utah en það er elsta landnám Íslendinga í Bandaríkjunum.

Í tilefni þessara tímamóta verður viðamikil og fjölbreytt dagskrá í Spanish Fork, sem fyrrum var miðstöð íslenska samfélagsins, og mun forseti m.a. taka þátt í vígslu minnismerkis sem reist er til að heiðra minningu íslenskra brautryðjenda í Utah.

Forsetinn verður einnig aðalræðumaður í hátíðarkvöldverði fólks af íslenskum uppruna og tekur þátt í málþingi um arfleifð Íslendinga í fylkinu. Þá mun forsetinn eiga fundi með Jon M. Huntsman ríkisstjóra Utah, forystumönnum íslenska samfélagsins og æðstu leiðtogum mormónakirkjunnar.

24. júní 2005

Nánar upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Brent Haymond aðalræðismaður Íslands í Utah (001 801 358 7416) og Stefán Lárus Stefánsson forsetaritari (894 1369).